

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 22. október 2020

25. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hófst fundur klukkan 14.00

Mætt: Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Drífa Árnadóttir, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

Dagskrá:

Samþykkt samhljóða í upphafi fundar að taka tvö mál á dagsskrá með afbrigðum, annars vegar *Sóttvarnarmál í Akrahreppi* og hinsvegar *Öryggi fjarskipta*.

1. Fjárhagsáætlun 2021

- **Beiðni um útkomuspá 2020 og fjárhagsáætlun 2020.**

Lagður fram tölvupóstur dagsettur þann 9. október frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS). Óskað er eftir að útkomuspá 2020 og fjárhagsáætlun 2021, eins og hún verður lögð fyrir sveitarstjórn, berist eigi síðar en 1. nóvember til EFS.

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um til hvaða fjárhagslega aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa eða hefur gripið til vegna Covid-19 ástandsins.

Hreppsnefnd samþykkir að að fela oddvita að bregðast við erindinu.

- **Frestur til að leggja fram og afgreiða fjárhagsáætlun svf. lengdur**

Lagður fram tölvupóstur dagsettur þann 15. október frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Bréfið er sent til allra sveitarfélaga. Sé þess óskað mun ráðuneytið veita eftirfarandi fresti:

1. Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem ákveðið er í samþykkt sveitarfélags, getur lagt fram tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en **1. desember 2020**.
2. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar getur afgreiðsla fjárhagsáætlunar farið fram eigi síðar en **31. desember 2020**.

Hreppsnefnd samþykkir að að fela oddvita að sækja um frest.

- **Fasteignaskattur og önnur gjöld árið 2021**

Umræður um álagningu fasteignaskatts og sorphirðugjalda.

2. Samningar Akrahrepps er varða samvinnu við önnur sveitarfélög – endurskoðun

Lagt fram bréf dagsett þann 24. ágúst sl. frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkra samninga er varða samvinnu Akrahrepps við önnur sveitarfélög. Frestur gefinn til 15. nóvember til þess að bregðast við erindinu.

Hreppsnefnd felur oddvita að bregðast við erindinu.

3. Styrkbeiðnir

- Lagt fram erindi dagssett þann 17. sept frá Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra þar sem óskað er eftir óbreyttum stuðningi gegnum rekstrarstyrk að upphæð 46.200 kr. fyrir árið 2021.

Hreppsnefnd samþykkir erindið

- Lagður fram tölvupóstur frá Hjalta Pálssyni frá 12. október þar sem óskað er eftir styrk vegna uppsetningar minningarskjaldar um dvöl Helgu Sigurðardóttur, fylgikonu Jóns biskups Arasonar, í Húsgilsdragi í sunnanverðum Glóðafeyki sumarið 1551. Fram kemur að útlagður kostnaður er 207.434 kr, frá dregst styrkur frá Menningarsjóði KS. Sótt er um eftirstöðvar að upphæð kr. 107.434.

Hreppsnefnd þakkar sjálfbóðaliðum framtakið og samþykkir að veita 107.434 kr til framkvæmdarinnar.

4. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Skýrsla gefin af fundi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þann 13. október 2020. Ákveðið hefur verið að stefna að nýjum þjónustusamningi milli sveitarfélaganna allra og að hann liggi fyrir sem allra fyrst.

5. Fræðslu- og uppeldismál

Upplýsingar af vinnu verkefnastjórnar um viðhald skólamannvirkja í Varmahlíð.

6. Sorpmál

- **Norðurá bs. – breytingar á samþykktum lagðar fram.**
- **Þátttaka Akrahrepps í nýrri endurvinnslustöð í Varmahlíð.**
Nýtt sorpmóttökusvæði fyrir allt framhérað Skagafjarðar verður opnað í Varmahlíð 4. nóvember. Er það liður í því átaki sveitarfélaganna að auka flokkun á sorpi. Umhverfis- og samgöngunefnd svf. Skagafjarðar hefur tekið ákvörðun um að öllum gámastöðum verði lokað vestan vatna þegar ný móttaka verður opnuð.
Í kjölfar nýrrar sorphirðustöðvar verður sorphirða og sorphirðugjald í Akrahreppi tekið til endurskoðunar.

Opnunartími nýju stöðvarinnar verður kynntur með auglýsingum í Feyki og Sjónhorninu.

Hreppsnefnd felur umhverfisnefnd Akrahrepps að vinna drög að áætlun um sorphirðu og sorphirðugjald í samstarfi við umhverfis- og samgöngunefnd svf. Skagafjarðar.

7. Umbætur og hagræðingar, girðingar á vegum sveitarfélagsins

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni, dagssett 28. september sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum og sjónarhorni allra hagsmunaaðila varðandi umbætur, hagræðingu og kostnað vegna girðinga á vegum opinberra aðila.

Hreppsnefnd vinnur málið áfram.

8. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 58. fundar stjórnar SSNV, 1. september 2020.
- Fundargerð 59. fundar stjórnar SSNV, 6. október 2020.
- Fundargerð stjórnar MN, 8. september 2020
- Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

9. Sóttvarnarmál

Lagður fram tölvupóstur dagssettur þann 15. október þar sem tilkynnt er um grun um riðu í sauðfé á bænum Stóru Ökrum 1 (Brekukot), sem síðan var staðfest þann 21. okt. sem hefðbundin smitandi riða.

Stefnt er að fundi með sauðfjárbændum í nóvember þegar staðan verður orðin ljósari.

10. Öryggi fjarskipta

Sveitarfélögin í Skagafirði hafa unnið að því á undanförunum árum í samvinnu við stjórnvöld í gegnum verkefnið Ísland ljóstengt að koma á ljósleiðaratengingu í dreifbýli utan markaðssvæða. Er þess nú skammt að bíða að flest heimili í dreifbýli í Skagafirði hafi aðgang að háhraða fjarskiptatengingu. Gsm og tetra-samband í Skagafirði er hins vegar víða stopult eða ekki til staðar. Á þetta nokkuð víða við, m.a. í inndölum og um hálendið þar sem m.a. er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta, auk þess sem svæðið laðar að sér marga gesti til útivistar. Enn er því óleyst það mikilvæga verkefni að tryggja fjarskiptasamband fyrir almenning til neyðar- og viðbragðsaðila gegnum 112.

Hreppsnefnd Akrahrepps lýsir yfir áhyggjum af lélegu fjarskiptasambandi víða um Skagafjörð sem dregur úr öryggi þeirra sem búa á svæðinu eða eiga leið um það. Hreppsnefndin hvetur Neyðarlínuna og ríkisvaldið til að tryggja fullnægjandi fjarskiptasamband með uppsetningu fleiri senda í samvinnu við staðkunnuga, auk þess sem Tetra-sambandið verði stórlega bætt til að auka öryggi íbúa og ferðamanna í landshlutanum.

Þá skorar Hreppsnefnd Akrahrepps enn fremur á Neyðarlínuna og ríkisvaldið að tryggja fullnægjandi fjarskiptasamband á bæjum í Skagafirði áður en gamla koparkerfið (heimasíminn) verður að fullu lagt niður á næstu vikum. Annað er með öllu ólíðandi.

11. Önnur mál

Oddviti gaf stutta skýrslu um helstu mál sem fyrir liggja.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 18.22